



MEGINREGLUR

Meginreglurnar eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnuskóla. Þær er í reynd bæði stefnuyfirlýsing og hugmyndafræði skólanna og fela í sér þá lífssýn og mannskilning sem allt starfsfólk sameinast um. Meginreglurnar eru sex, þær eru í skýrri forgangs röð og byggir hver regla á þeirri sem á undan kemur.

1. BÖRN & FORELDRAR

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

2. STARFSFÓLK

Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikurséu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn, forráðamenn og aðra sem koma að málum skólans.

3. UMHVERFI

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og eru reglur sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðurðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

4. EFNIVÍÐUR

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og eru raunveruleikatengd verkefni í fyrirrúmi.

5. NÁTTÚRA

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

6. SAMFÉLAG

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfaga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður tamin vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemi og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgðar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.